

Um nesti..

Við leggjum til að nemendur komi með ávexti og grænmeti sem nesti og drekki vatn. Foreldrar hafa þó val um að senda börn sín með annað hollt og gott nesti. Í umhverfisvænu samfélagi leggjum við áherslu á að nemendur komi með allt nesti í fjölnota umbúðum.

Að gefnu tilefni vekjum við athygli á að orkudrykkir flokkast ekki sem hollt og gott nesti !!



Ofnæmi - mataróþol

Minnt er á að ef nemendur eru með ofnæmi eða mataróþol sem taka þarf tillit til þá þurfa foreldrar að framvísa vottorði frá lækni.

Vinaliðaverkefnið

Í septembermánuði stefnum við að því að hefja að nýju Vinaliðaverkefnið á miðstigi skólans en það felur í sér að virkja nemendur í að stýra leikjum og afþreyingu á skólalóðinni í frímínútum. Verkefni þetta er að norski fyrirmynd en hefur verið að ryðja sér til rúms í íslenskum skólum á undanförunum misserum og við hófumst handa við það á síðasta skólaári. Nánar má fræðast um verkefnið á heimasíðu þess <http://www.vinalidar.is>

Kæra skólasamfélag

Skólaárið hefst prýðilega og allt útlit fyrir góðan skólavetur framundan. Framkvæmdir við nýju kennslustofuna í Vallakór drógust reyndar þannig að við þurftum að bjarga okkur án hennar í fjóra daga en nú er hún komin í notkun. Bókasafnið í Baugakórnum tekur á sig mynd smátt og smátt en við þurfum að bíða fram í október eftir sumu af húsgögnunum áður en heildarmyndin verður alveg komin. Má þar nefna sófa og vinnuborð sem eiga eftir að koma í rýmið. Þetta verður hins vegar hið glæsilegasta þegar upp er staðið og breytir töluvert útlitinu á miðrymi og göngum skólans.

Við erum töluvert að velta fyrir okkur námskynningum þessa dagana og teljum að hefðbundin framkvæmd okkar á þeim þarfnist endurskoðunar enda upplýsingamiðlun orðin með töluvert breyttum hætti síðan námskynningarnar voru teknar upp. Við höfum því ákveðið að fresta námskynningum sem áformaðar voru núna í september, nema að við höldum okkar striki með kynninguna hjá 1. bekk enda nokkuð aðrar aðstæður þar og formið hefur reynst ágætlega. Við notum tímann til að endurskoða markmið og framkvæmd á kynningunum og auglýsum niðurstöðuna síðar.

Fyrirferðamesta efnið í þessu fréttabréfi er kynning á skólareglunum okkar sem unnar voru að mestu leyti af nemendum sjálfum síðastliðinn vetur, en einnig samræmdum viðmiðum fyrir skóla bæjarins um viðbrögð ef skólasókn nemenda er ófullnægjandi.

Bestu kveðjur úr skólanum,
Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Heimanámsaðstoð


Heimanámsaðstoð verður í boði í vetur á Bókasafni Kópavogs fyrir nemendur í grunnskólum Kópavogs líkt og undanfarin ár. Aðstoðin er samstarfsverkefni Kópavogsdeildar Rauða krossins á Íslandi og bókasafnsins.

Aðstoðin verður tvisvar í viku:

- **Á aðalsafni á þriðjudögum kl. 14:30-16:30**
- **Á Lindasafni á miðvikudögum kl. 14:30-16:30**

Nemendur mæta með heimalærdóm og grunnskólakennari verður á staðnum nemendum til aðstoðar. Nemendur þurfa ekki að skrá sig í heimanámsaðstoðina, hún kostar ekkert og það er engin mætingarskylda.

Nánari upplýsingar veitir Ágústa Bárðardóttir, umsjónarmaður heimanámsaðstoðar og grunnskólakennari, agustab@kopavogur.is



Skólapúlsinn - kannanir meðal nemenda

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í 6.-10. bekk spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni í námi, viðhorf til námsins og ýmissra almennra spurninga um skóla- og bekkjaranda. Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans og niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsmönnum Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísi. Sjálfsmatskerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju. Ef að foreldri er mótfallið því að því nemandi svari spurningalistanum er það beðið um að hafa samband við skólann og verður þá nemandinn fjarlægður af þátttakendalistanum. Nánari upplýsingar um Skólapúlsinn eru á <http://skolapulsinn.is/um>.

Einnig er hægt að hringja í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is

Skólareglur Hörðuvallaskóla

Síðastliðinn vetur unnum við að endurskoðun á skólareglum fyrir skólann okkar og voru nemendur sjálfir í lykilhlutverki í þeirri vinnu. Reglurnar verða teknar til kynningar og umræðu með nemendum á næstu dögum en þær er að finna í heild sinni á heimasíðu skólans á slóðinni: <https://www.horduvallaskoli.is/lis/aaetlanir/skolareglur-og-fjarvistavidmid>

Við vekjum einnig athygli á samræmdum reglum fyrir skóla bæjarins sem nú hafa verið unnar í samstarfi menntasviðs og velferðar-sviðs og eru til leiðbeiningar ef skólasókn nemenda er ófullnægjandi.

Ástundun

Ástundun snýst um það hvernig við sinnum námi okkar, hvort við leggjum okkur fram, erum stundvís og vinnusöm. Með því að vinna vel og leggja sig fram næst betri árangur. Þær stöðvar í heilanum sem eru þjálfaðar styrkjast og gera mann betri í því sem maður glímur við. Ef maður leggur ekkert á sig nær maður ekki árangri. Þegar við náum árangri en auðveldara að hafa gaman í skólanum.

Við sinnum námi okkar og starfi markvísst, af þrautseigju og metnaði, leggjum okkur fram um að gera okkar besta og gefa öðrum vinnufrið.

Þess vegna þarf ég að:

- sofa vel
- borða hollan mat og hreyfa mig
- vera metnaðarfull/ur og leggja mig fram um að vinna vel í skólanum
- hafa hljóð þegar við á og trufla ekki aðra
- leita aðstoðar þegar ég þarf á að halda
- þiggja þá aðstoð sem mér býðst
- ekki fela það þegar ég skil ekki eitt-hvað eða veit ekki alveg hvað ég á að gera
- láta vita þegar efni er of létt fyrir mig
- aðstoða aðra þegar ég get
- hugsa um sjálfa/n mig og vera einbeitt/ur
- hlaða spjaldtölvuna
- nota spjaldtölvuna markvísst í námi mínu þegar við á og láta ekki leiki og annað í spjaldinu trufla mig við námið
- fylgjast með tímanum og passa mig að mæta á réttum tíma

Samskipti

Samskipti snúast bæði um samskipti starfsfólks og nemenda og samskipti nemenda sín á milli. Þegar allir leggjast á eitt um að hafa samskipti góð aukast líkur á því að öllum þyki gaman í skólanum.

Við komum fram við hvert annað af virðingu, tillitsemi og ábyrgð og virðum rétt hvers annars til vera við sjálf og örugg

Þess vegna þarf ég að:

- hugsa áður en ég tala
- koma eins fram við aðra eins og ég vil að þeir komi fram við mig
- koma vel fram við alla starfsmenn og nemendur
- vera góður við aðra svo þeim líði vel
- sýna tillitsemi og hrósa hvert öðru
- fara eftir fyrirmælum starfsmanna – bæði í tímum, á göngum og úti í frímínútum
- bjóða öðrum að vera með svo allir geti haft gaman
- leyfa öllum að vera með og skilja engan útundan
- sýna kurteisi og virða persónulegt rými annarra
- hjálpa öðrum og stoppa einelti ef einhver er að stríða
- sleppa því að stríða öðrum, slást eða lemja

Umgengni

Umgengni snýst um það hvernig við göngum um skólann okkar, eigur hans og eigur annarra. Hún snýst einnig um það hvernig við komum fram á skólalóðinni og í kringum snjalltækin okkar. Með því að læra góða umgengni og leggja sig fram um hana er ýtt undir að skólabragur verði metnaðarfullur og jákvæður.

Við göngum vel um skólann, eigur hans og eigur hvors annars. Við göngum rólega innan dyra, göngum frá eftir okkur og látum það sem við eigum ekki vera.

Þess vegna þarf ég að:

- hugsa um eigin umgengni
- ganga á göngunum
- ganga frá eftir mig og henda rusli í ruslafötur
- ganga frá fötunum mínum
- nota inniróddina og hækka ekki róddina
- vera á skólalóðinni í frímínútum
- vera á snjóboltasvæðinu í snjókast
- passa að henda ekki snjóboltum í þá sem vilja ekki láta kasta í sig
- sleppa því að henda snjóbolta í rúður
- ganga vel um leiktækin á skólalóðinni
- borða aðeins þar sem leyfilegt er að borða
- sýna hreinlæti í matsalnum
- vera róleg/ur í matsalnum og í kringum aðra
- nota símann ekki í skólanum heldur geyma hann og spjaldtölvur í töskunni nema þegar leyfi er gefið til að nota spjaldið

Úr samskiptastefnu skólans—varðandi tölvupóstsamskipti:

- Tölvupóstar eru eingöngu notaðir til að senda upplýsingar eða spyrjast fyrir um hagnýt mál.
- Til að ræða viðkvæm, persónuleg mál er betra að biðja um fund eða hringja.
- Ekki er gert ráð fyrir að kennarar opni tölvupóst né svári í síma/farsíma í kennslustundum.
- Alla jafna svara kennarar ekki tölvupósti á kvöldin og um helgar.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN LEYFI/VEIKINDI



Pegar grunur vaknar um skólasóknarvanda, þrátt fyrir tilkynntar fjarvistir, skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi síðustu þriggja skólamánaða eða lengra aftur ef langt er liðið á skólaárið (staðfest langtímaveikindi eru hér frátalin). Skóli sendir póst heim til foreldra a.m.k. tvisvar í mánuði. Skóli getur óskað eftir viðeigandi vottorði sé nemandi veitur í meira en einn dag.

Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Gott er að styðjast við viðmið um fjölda veikinda og/eða leyfisdaga við hvert þrep, en einnig er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers og eins nemanda.

PREP 1 5-9 DAGAR

Umsjónarkennari ræðir við nemanda um skólasóknina og á samtal við foreldra.

PREP 2 10-14 DAGAR

Prep 1 endurtekið. Skólahjúkrunarfræðingur og skólastjórnendur upplýstir um stöðu mála.

PREP 3 15-19 DAGAR

Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar, ásamt skólastjórnanda. Nemendaverndarráð er upplýst um stöðu mála með vitneskju foreldra.

PREP 4 20-29 DAGAR

Málinu vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði. Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og getur óskað eftir aðkomu grunn-skóladeildar menntasviðs sem jafnframt er upplýst um stöðu mála. Áætlun um aðgerðir sett fram.

PREP 5 30 DAGAR EÐA FLEIRI

Skólinn tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar Kópavogs og grunnskóla-deildar Menntasviðs Kópavogsbæjar. Fram kemur í tilkynningu frá skóla hvað hafi verið gert á fyrri þrepum, einnig mat á stöðu og líðan nemandans og samskipti við foreldra. Ef barnavernd telur úrræði skólans ekki fullreynd, óskar hún eftir nánari upplýsingum.

Barnavernd boðar til tilkynningarfundar. Á fundinn eru boðaðir foreldrar, nemandi og skólastjórnendur. Gerð er áætlun sem skóli, foreldrar og barnavernd skrifa undir þar sem samstarf er heimilað.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN FJARVISTIR



Pegar grunur vaknar um skólasóknarvanda, skal skoða ástundun nemandans síðustu þrjú skólamánuði, með sérstöku tilliti til dreifingar fjarvista (sbr. einstaka fjarvistir yfir langan tíma, margar fjarvistir yfir stuttan tíma).

Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Gott er að styðjast við viðmið um fjölda fjarvista við hvert þrep, en einnig er mikilvægt að viðbrögð séu áætluð út frá stöðu hvers og eins nemanda.

PREP 1 2-4 FJARVISTIR

Umsjónarkennari ræðir við nemanda um skólasóknina og á samtal við foreldra.

PREP 2 5-9 FJARVISTIR

Prep 1 endurtekið. Boðað til fundar með foreldrum og nemanda (ef við á). Tilkynning til skólastjórnanda.

PREP 3 10-14 FJARVISTIR

Fundur með umsjónarkennara og nemanda, ásamt foreldrum og skólastjórnanda (eða fulltrúa hans).

PREP 4 15-24 FJARVISTIR

Málinu vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði með vitneskju foreldra.

Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og getur óskað eftir aðkomu grunn-skóladeildar menntasviðs sem jafnframt er upplýst um stöðu mála. Áætlun um aðgerðir sett fram.

PREP 5 25 FJARVISTIR EÐA FLEIRI

Skólinn tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar Kópavogs og grunnskóla-deildar Menntasviðs Kópavogsbæjar. Fram kemur í tilkynningu frá skóla hvað hafi verið gert á fyrri þrepum, einnig mat á stöðu og líðan nemandans og samskipti við foreldra. Ef barnavernd telur úrræði skólans ekki fullreynd, óskar hún eftir nánari upplýsingum.

Barnavernd boðar til tilkynningarfundar. Á fundinn eru boðaðir foreldrar, nemandi og skólastjórnendur. Gerð er áætlun sem skóli, foreldrar og barnavernd skrifa undir þar sem samstarf er heimilað.



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
2.	3. Ýsa í orly m/ brúnum hrísgrjónum og súr-sætri sósu. Salatbar og ávextir.	4. Kjúklingabollur í BBQ m/brúnum hrísgrjónum og maísbaunum. Salatbar og ávextir.	5. Matarmikil ítölsk grænmetissúpa m/ heilheitipasta og brauði. Ávextir.	6. Heimalagaður ofnbakaður fiskur í karrýsósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir. Fræðslufundur f. foreldra 9.b. kl. 17	7. Lambasnitset m/ kaldri bernaisesósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	8. Dagur læsis
9.	10. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	11. Grísasnitset m/ kaldri sósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	12. Mexíkósk súpa m/ kjúklingi, grænmeti, tortillaflögum, rifnum osti og sýrðum rjóma. Ávextir. Námskynning 1.bekkur	13. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir.	14. Nautahakk og heilheitipastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir.	15.
16.	17. Gufusoðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. Inniþróttakennsla hefst	18. Sænskar hakkbollur m/ kartöflum, brúnni sósu og týtuberjasultu. Salatbar og ávextir.	19. Hrísgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsínum, lifrarpylsu og blóðmör. Ávextir.	20. Þorskur í KFC hjúpi m/ kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir. Samr. próf 7.b - ísl.	21. Íslensk kjötsúpa. Ávextir. Samr. próf 7.b - stæ.	22.
23.	24. Langa í sitrónusmjöri m/ soðnum kartöflum og hvítlaukssósu. Salatbar og ávextir.	25. Píta með skinku, grænmeti og pítusósu. Ávextir.	26. Skr m/ rjóma blandi og flatkökur með álegg. Ávextir.	27. Plokkfiskur m/ rúgbrauði. Salatbar og ávextir. Samr. próf 4.b - ísl.	28. Nauthakkabuff m/ brúnni sósu, kartöflumús og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir. Samr. próf 4.b - stæ.	29.

Námskynning fyrir foreldra 1. bekkja verður miðvikudaginn 12. september kl. 18:00 í sal skólans í Baugakór. Gert er ráð fyrir að forráðamenn allra nemenda í 1. bekk mæti á kynninguna. Kynnt verða ýmis hagnýt atriði sem snúa að skólafarfinu, sérfræðiþjónusta skólans, kennsluhættir o.fl. Boðið verður upp á léttan kvöldverð og kynningunni verður lokið í síðasta lagi kl. 20:00

Fræðslufundur fyrir foreldra í 9. bekk verður haldinn fimmtudaginn 6. september kl. 17:00-18:00 í sal skólans í Baugakór. Á fundinum fjallar Þóra Sigfríður Einarsdóttir um kynhegðun unglunga og tækifæri gefst til að spyrja og spjalla saman um málefnið.

Á heimasíðu skólans má nú finna stuttar leiðbeiningar fyrir aðstandendur þar sem leitast er við að svara algengustu spurningum sem upp koma í skólabyrjun. Sjá: https://www.horduvallaskoli.is/static/files/2018-2019/mentor_adstandendur_2018.pdf

**Hnetulaus skóli -
engar hnetur í nesti -
eða matvæli sem innihalda hnetur...!!**

Útivistartíminn frá 1. september: Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.